

Nd.

733. Nefndarálit

[176. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (EOI).

Það er almennt hættulegt fyrir þjóðina að taka erlend lán, nema um sé að ræða að nota féð til arðbærra fyrirtækja, helst slíkra, er framleiða gjaldeyri. Og það ber því aðeins að taka slík lán, að ekki fylgi þeim aðrir skilmálar en venjulegir fjármálaskilmálar um vexti og afborganir. Þó gegnir nú nokkuð sérstöku máli sökum þess, hvornig ástatt er um stjórnarfar í landinu.

Bændur og verkamenn sem og allar aðrar vinnandi stéttir hafa brýna þörf fyrir að byggja yfir sig íbúðarhús og önnur þau hús, sem nauðsynleg eru atvinnurekstri til sveita og sjávar.

Það væri hægt að framleiða nægan erlendan gjaldeyri til þess að kaupa byggingarefni, ef öll framleiðslutæki landsmanna fengjust notuð til fulls. En það er ríkisstjórnin, sem hindrar landsmenn í því að nota tækin að fullu til framleiðslu til útflutnings með þeirri einokun, sem hún viðheldur á utanríkisverzlun Íslendinga.

Það er nægilegt vinnuafli til að byggja þær byggingar, sem þarf að reisa til sjávar og sveita, og þorri þeirra verkamanna, sem til þessa þarf, ganga nú atvinnulausir. Vinnuafli þjóðarinnar er þannig sóað til einskis, þegar hægt væri að nota það til lífsnauðsynlegrar framleiðslu.

Það hefur verið upplýst á Alþingi, samkvæmt heimild í bréfi fjárhagsráðs til allsherjarnefndar Sp., að amerísk yfirvöld, sem sökum samnings ríkisstjórnarinnar við Bandaríkjastjórn (Marshallssamningsins 1948) hafa fengið vald yfir því, hvornig vissir íslenzkir sjóðir eru notaðir, hafi sett það að skilyrði fyrir að veita umbeðin leyfi, að fjárfesting, m. a. til íbúðarhúsa, væri háð takmörkun, sem að því er heyrzt hefur er skorin svo við nögl, að á næsta ári sé aðeins leyfð bygging 300 íbúða á öllu landinu, þegar byggja þyrfti minnst 500—600 íbúðir í Reykjavík einni.

Með Marshallssamningnum virðist íslenzka þjóðin þannig ofurseld vaxandi hús-næðisskortri til sjávar og sveita, sökum þess, að amerísk yfirvöld og íslenzkar eftirlitsnefndir þeirra (fjárhagsráð og ríkisstjórn) banna Íslendingum að nota til fulls vinnuafli sitt og tæki í eigin þágu. Með þessari harðstjórn á efnahagssviðinu er leitt atvinnuleysi yfir verkamenn, einkum þá, sem að byggingum vinna, og vaxandi hús-næðisskortur yfir allan almennig, jafnt til sjávar sem sveita.

Svo virðist samkvæmt þeim yfirlýsingum, sem ráðherrar hafa gefið við umræður þessa máls, að taki Íslendingar erlent lán til bygginga, þá komi það ekki undir hið ameríska eftirlit viðvikjandi fjárfestingunni.

Ástandið í landinu virðist því líta þannig út í þessum málum:

Eftir að amerískt auðvald með eins konar kaldri hersetu hefur tekið fjárhagsráð og Landsbankann undir sína efnahagslegu yfirstjórn, segir nú fjárhagsráði fyrir verkum og takmarkar svo lánveitingar úr Landsbankanum, að Íslendingar fá ekki fullnýtt vinnuafli sitt sakir lánsfjársveltu, er Íslendingum ekki annað eftirskilið til þess að fá að nota sitt eigið vinnuafli til bygginga og til að afla sér byggingarefnis en að taka lán erlendis í þessu skyni, og mun hér um að ræða möguleika í Englandi. Er slíkt þó vissulega hart og væri óþarft, ef þjóðin byggi ekki við svo ömurlegt stjórnarfar sem raun ber vitni um. Verður þá að reyna að stuðla að því, að erlendi gjaldeyririnn verði eingöngu hagnýttur til efniskaupa, en baráttan hert fyrir því, að íslenzkt vinnuafli fái notast til fulls.

Ég legg því til, að frv. sé samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. í stað „43“ komi: 55.
2. Við 2. gr. í stað orðanna „enda verði ákveðið með lögum um tilhögun iðnaðarlánanna“ komi: og sé sú upphæð falin Iðnlánasjóði Íslands, unz iðnaðarbanki verður stofnaður, og 12 millj. króna til þess að lána byggingarsjóði verkamanna, byggingarsamvinnufélögum og sveitarfélögum þeim, er byggja til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum, enda noti þessi félög féð eingöngu til kaupa á erlendu efni til íbúðarhúsabygginga.

Alþingi, 26. febrúar 1951.

Einar Olgeirsson.